

Fréttabréf

Kjötafurðastöðvar KS og Sláturhúss KVH

APRÍL 2021

Ágætu bændur

Árið 2020 verður eflaust lengi í minnum haft. Covid-19 faraldurinn hefur snert líf allra á einhvern hátt.

Í síðasta fréttabréfi sem var skrifað í desember 2019 og gefið út í febrúar 2020 var minnst á „blikur á lofti“ vegna veirusýkingar sem legðist á fólk og baráttu við að hefta útbreiðslu hennar, sem ætti eftir að breyta heimsmarkaði og jafnvel hafa áhrif á innlendan markað. Við höfum

hingað til náð að takast á við vandann með samheldnu átaki starfsfólks, bænda og viðskiptavina en allir þessir aðilar eiga miklar þakkir skildar fyrir. Þeir hafa sýnt mikinn skilning á þeim aðgerðum sem þurft hefur að grípa til.

Í fréttabréfinu förum við yfir stöðu mála og greinum frá því helsta sem hefur verið í gangi hjá okkur frá síðasta bréfi.



Rekstur afurðastöðvanna

Rekstur afurðastöðvanna tók mið af ástandi faraldursins og segja má að miðað við það þá hafi náðst verulega góður árangur í rekstri.

Niðurstaðan í lok síðasta árs var svipuð hjá bæði KKS og SKVH á milli ára. Verulegur bati varð á rekstri kjötvinnslu Esju milli ára og rekstur sláturhússins á Hellu var í jafnvægi. Við lentum í áfalli í ágúst á síðasta

ári þegar aðal rafmagnstafla Esju brann og mikið tjón varð. Með samheldni starfsfólks og samstarfi milli afurðastöðva okkar, tókst að halda viðskiptum gangandi á meðan bráðabirgða viðgerðir fóru fram. Þrátt fyrir þetta náðist, eins og áður sagði mikill bati í reksturinn. Starfsfólk okkar hjá Esju eins og annarsstaðar hefur staðið sig mjög vel í krefjandi áskorunum.



Sauðfjárræktin

Sauðfjárræktin er enn á undanhaldi og minnkar framleiðslan ár frá ári. Frá árinu 2016 til og með 2020 er samdráttur í framleiðslu dilka um 1.080 tonn eða 11,6%. Útlit er fyrir áframhaldandi samdrátt í haust uppá a.m.k. 300 tonn.

Það er ljóst að með þessari þróun eykst enn frekar óhagræði í greininni og við þurfum með einhverju móti að bregðast við. Án fækkunar sláturhúsa þá eykst óhagræðið eftir því sem sláturlömbum fækkar. Lausnin felst ekki í heimaslátrun, þó svo að ýmsir ráðamenn og einstaka bændur haldi því fram. Bændur hafa fengið greiddar frá ríkinu, 76,5 kr. á hvert innlagt kg kjöts frá síðasta hausti, einhverskonar „Covid bætur“. Einnig er líklegt að ónýttar beingreiðslur muni bætast við þessa

upphæð, sem gætu numið um 10 kr./kg til viðbótar. Þetta er einskiptis aðgerð sem kemur sér örugglega vel fyrir bændur núna en nýtist ekki greininni til framdráttar né hjálpar okkur að snúa við á þeirri leið sem við erum á.

Á tímum Covid hefur ekkert gengið í þá átt að fá fleiri sláturhús viðurkennd fyrir Kína markað. Það er sorglegt að vita til þess að eina sláturhúsið sem hefur leyfi inn á þann markað virðist ekki hafa burði til þess að nýta það sér til framdráttar og bændum til tekna. Við þurfum að taka upp þráðinn með stjórnvöldum og reyna að fá fleiri sláturhús viðurkennd fyrir þennan mikilvæga markað.



Sláturtíðin

Undirbúningur sláturtíðar 2020 var einungis að hluta til með hefðbundnum hætti en að mestu leiti snerist allt um sóttvarnir vegna Covid. Taka þurfti á móti erlendu starfsfólki mun fyrr og hafa í sóttkví meðan beðið var eftir niðurstöðum úr sýnatöku. Loka þurfti

aðgengi að afurðastöðvunum fyrir öðrum en starfsfólki og ráða færra fólki, ásamt því að einfalda úrvinnslu afurða eins og kostur var.

Alls var slátrað hjá KKS 94.121 dilk sem er fækkun upp á tæpa 5.000 dilka milli ára. Meðalvigt var 16,9 kg sem er aukning um 370 gr milli ára og hefur aldrei verið þyngra

fall. Einkunn fyrir gerð var 9,30 og fyrir fi 6,70. Hjá SKVH var slátrað 88.528 dilkum

17,37 kg sem er aukning um tæp 400 gr. Gerð var 9,80 og fi 6,64.


Sláturtíðin hófst með forslátrun 25. ágúst, að þessu sinni hjá KKS. Áætlað var að slátra um 10 þúsund dilkum áður en hin eiginlega sláturtíð hæfi

þann 7. september. Raunin varð önnur eða rúmlega 3.000 dilkar. Mun minni áhugi reyndist vera hjá bændum fyrir slátrun svona snemma frá því sem áður hafði verið.

Fyrsti dagur slátrunar

hjá SKVH var 31. ágúst. Sláturtíðin gekk vel miðað við aðstæður, fl kun góð og

**Sláturtíðin
gekk vel miðað
við aðstæður,
flokkun góð og
fallgott...**



Markaðsmál

Covid hefur sett mark sitt á innlendan markað eins og heimsmarkaðinn allan. Hótel og veitingastaðir hafa verið ýmist lokaðir eða í lágmarks afköstum og því sala til þeirra lítil. Sama má segja um stórelldhús og mótuneyti. Sala til verslana hefur gengið betur og hefur ýmislegt þróast til betri vegar varðandi neytendavöru í verslunum.

Esja/Kjötbankinn hafði að mestu verið í því að þjónusta veitinga- og stórelldhúsamarkaðinn en verið minna í verslunum. Í mars mánuði á síðasta ári beittum við kröftum okkar meira inn á smásölumarkaðinn og náðum að halda

góðri sölu út árið og hagræða í rekstrinum. Þannig að þegar upp var staðið kom árið ágætlega út. Esja sér Costco fyrir öllu lamba- og nautakjöti. Viðskipti Esju við Samkaup hafa byggst upp á undanförunum mánuðum með samstarfi í vöruþróun og betri framsetningu á vörum með áherslu á lamb, naut og eldaða vöru.

KKS endurnýjaði samning við Haga um áframhaldandi viðskipti með lambakjöt og samstarf um vöruþróun sem gengið hefur vel og í raun umfram áætlun. Samningur var einnig endurnýjaður við Kjötkompaníið.

Útflutningur

Útfl hefur verið minni en oft áður. Munar þar mest um Spánarmarkað sem tók einungis tvo gáma af ærlærum.

Bretland hefur þó komið sterkt inn og höfum við náð að selja talsvert þangað, en sá markaður er nú orðinn stærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskt lambakjöt. Talsvert fór á Noreg og eitthvað á Færeyjar en minna á önnur Norðurlönd, þó aðeins á Svíþjóð og Danmörk. Minna fór til Japans heldur en venjulega.

Gærur eru að mestu seldar og hefur fengist þokkalegt verð fyrir þær, þó það sé

fjarri bestu verðum sem fengist hafa. Innmatur og aðrar aukaafurðir fóru að hluta til hefðbundnar leiðir, aðallega sem hráefni til gæludýrafóðurgerðar í Danmörku. Hausar, lappir og rifbein fóru til Afríku eins og undanfarin haust.

Að öðru leiti var minna unnið af aukaafurðum til manneldis. Til dæmis voru ekki hirtar garnir í haust og minna af beinum vegna þess að ákveðið var að einfalda vinnsluna og fækka starfsfólki, til að ráða betur við sóttvarnir í afurðastöðvunum.



Birgðastaða

Birgðastaða dillakjöts um síðastliðin áramót á landsvísi var um 880 tonnum meiri en áramótið þar á undan.

Hlutdeild SKVH og KKS var um 200 tonn í þeim birgðum. Nú í lok mars hefur þetta

leitað jafnvægis og má segja að birgðir séu svipaðar því sem við áætluðum að þurfa til að anna eftirspurn okkar viðskiptavina á innlendum markaði.



Næsta sláturtíð

Stefnt er að því að hefja slátrun hjá SKVH í viku 35 og hjá KKS í viku 36. Opið er fyrir pantanir í slátrun nú þegar og hvetjum við bændur til þess að skila inn sláturfjárpöntunum tímalega.

Í sláturtíð verður sami háttur hafður á og síðasta haust að afurðastöðvarnar verða lokaðar öðrumenstarfsfólki.

10% álag verður greitt í viku 35, 7,5% í viku 36 og 5% í viku 37. Úr sauðfjársamningi greiðast að auki 15% álag ofan á gæðastýringu í viku 35, 10% álag í viku 36 og 5% álag í viku 37.

Ekki verður greidd uppbót á innlegg síðastliðins hausts. Bændur hafa fengið greiddar bætur frá ríkinu en afurða-

stöðvarnar hafa þurft að komast í gegnum faraldurinn á sínum forsendum án bóta frá ríkinu. Ef fer sem horfir þá tekst okkur að komast ágætlega í gegnum þetta og ættum því að geta hækkað verð til bændna í haust um allavega sambærilega hækkun eins og síðast, eða um 6%. Þegar nær dregur munum við meta forsendur og gefa út verð.

Sem fyrr borgar sig að fylgjast með heimasíðum afurðastöðvanna til að fá þar nýjustu fréttir og upplýsingar sem snúa að pöntunum og hvað ber að hafa í huga þegar kemur að því að senda sláturfé.



Nautgripaslátrun

Nautgripaslátrun hefur verið nokkuð stöðug hjá KKS eða um 50 gripir á viku sem er svipað og síðustu ár.

Mikið framboð er af gripum til slátrunar bæði hér fyrir norðan og eins á Suðurlandi.

Sláturhúsið á Hellu slátrar um 110 nautgripum á viku. Eins og staðan er í dag þá er útlit fyrir að áfram verði biðlistar í slátrun. Talverðar birgðir eru í hakkefni og vöðvum og hefur innflutningur og lokun veitingastaða haft veruleg áhrif á sölu á þessum afurðum. Esja er stærsti vinnsluaðili á nautgripakjöti í

landinu.

Fyrir Covid var verið að vinna um 125 gripi á viku en fækkaði talsvert í faraldrinum. Nú eru unnir um 85 gripir á viku og fer fjölgandi. Húðir hafa farið til Þýskalands og er verðið eitthvað aðeins að skána fyrir þær, en undanfarið hafa þær nánast verið verðlausar.



Hrossogfolöld


Ekki eru biðlistar í slátrun á hrossum og folöldum. Vel hefur gengið í slátrun bæði hjá KKS og Hellu og eru afurðirnar allar unnar hjá KKS bæði fyrir innlandan og

erlendmarkað.

KKS og Hella greiða hærra verð fyrir þessar afurðir en aðrir sláturleyfishafar. Hrossavöðvar hafa verið seldir til Japans og Ítalíu og vinnsluefnið á Evrópumarkað bæði til manneldis sem og til fóðurgerðar. Húðirnar hafa verið seldar til Þýskalands.

Til skoðunar er að hefja slátrun hrossa og folalda strax að lokinni sláturtíð í haust

**...hefur
innflutningur
og lokun
veitingastaða
haft veruleg áhrif
ásölu...**



og slátra 3-4 daga í viku og ljúka slátrun að mestu fyrir miðjan desember, þannig að bændur þurfi ekki að bíða fram yfir áramót.

Ágætt er fyrir hrossaeigendur að hafa það í huga að panta tímanlega slátrun.

Framkvæmdir og þróun


Á síðasta ári var byggður frystiklefi við slátruhúsið á Hvammstanga. Framkvæmdir gengu vel og nokkuð samkvæmt áætlun. Þó náðist ekki að taka klefann í gagnið fyrir sláturtíð og því þurfti að flýkjót í geymslur í Búðardal, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Nú á það hins vegar að heyra sögunni til og nýji klefi á að rúma það kjöt sem til fellur og verður mikið hagræði sem fylgir því.

Miklum fjármunum hefur verið varið til uppbyggingar á aðstöðu í Fóðurstöðinni. Hafa framkvæmdirnar miðast við að tryggja framleiðsluöryggi og gera fóðurstöðina betur í stakk búna til að taka við hráefnum og meðhöndla til fóðurgerðar.

Loðdýraræktin hefur orðið fyrir gríðarlegu höggi en einungis eitt bú hefur verið starfrækt síðasta árið. Stefnt er að því að koma öðru búi í gang, þannig



að vonandi byggist þetta upp aftur. En samhliða þá horfum við til þess að nýta Fóðurstöðina til úrvinnslu á aukaafurðum til gæludýrafóðurframleiðslu og undirbúningur er í fullum gangi. Stefnt er að því að byggja frystigeymslur við KKS á næsta ári sem þýðir að ljúka þarf hönnun á yfirstandandi ári. Fylgst er vel með allri tækniþróun varðandi slátrun en nauðsynlegt er að uppfæra tækni eins og kostur er og ná fram hagræðingu í slátrun og vinnslu.



Lokaorð

Í fréttabréfi þessu hefur, að venju verið farið yfi það helsta er varðar rekstur afurðastöðvanna.

Við leggjum okkur fram við að fylgjast með og tileinka okkur nýjungar á sviði tækni og vöruþróunar...

Markmið okkar er að reka öflugar afurðastöðvar með hagkvæmni að leiðarljósi. Við leggjum okkur fram við að fylgjast með og tileinka okkur nýjungar á sviði tækni og vöruþróunar með áherslu á afköst, bætta nýtingu og verðmætasköpun í sátt við umhverfið.

Fyrir okkur er mikilvægt að eiga gott samstarf við bændur. Fyrir hönd afurðastöðva okkar þakka ég bændum fyrir góð samskipti, viðskipti og skilning á þessum skrítnu tímum. Ég vil líka þakka starfsfólki okkar fyrir frábært starf á krefjandi tímum sökum alls kyns takmarkana sem þurft hefur að setja vegna faraldursins.



Við vonum að fyrr en seinna verði ástandið orðið eðlilegra með fullt af nýjum tækifærum.

Ágúst Andrésson

forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS

ÚTGEFANDI Kjötafurðastöð KS | ÁBYRGÐARMAÐUR Ágúst Andrésson | UMSJÓN Edda Þórðardóttir | UPPSETNING & PRENTUN Nýprent ehf.

